

Borgarráð

Samningateymi Reykjavíkurborgar við lóðarhafa og landeigendur vegna Borgarlínu í Reykjavík.

Hjálögð drög að erindisbréfi samningateymis Reykjavíkurborgar við lóðarhafa og landeigendur vegna Borgarlínu í Reykjavík eru lögð fram til kynningar. Hlutverk samningateymis er að semja við lóðarhafa/landeigendur um minnkun lóða eða tilfærslu lóðarmarka með það að markmiði að Borgarlínan komist leiðar sinnar óháð annarri umferð.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps samningateymis Reykjavíkurborgar við lóðarhafa og landeigendur vegna Borgarlínu í Reykjavík.

ERINDISBRÉF

Samningateymi Reykjavíkurborgar við lóðarhafa og landeigendur vegna Borgarlínu í Reykjavík.

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins eru skilgreindir samgöngu- og þróunarásar sem eru grundvöllur stofnleiða sem leiðakerfi Strætó bs. og Borgarlínu mun byggja á. Gert verður ráð fyrir auknum byggingarheimildum á þróunarásum með það að markmiði að þétta byggð.

Á árunum 2021-2033 verða lögð sérrými undir Borgarlínu í Reykjavík. Til að þess að það verði hægt þarf Borgarlína að komast leiðar sinnar óháð bílaumferð. Til að svo sé mögulegt þarf í einhverjum tilvikum að semja við lóðarhafa og landeigendur um minnkun lóða eða tilfærslu lóðarmarka. Fyrstu áfangar Borgarlínu í Reykjavík sem áætlað er að vinna á árunum 2021 til 2023 verða frá Hlemmi að Ártúnshöfða og Hlemmur-Hamraborg.

Hlutverk:

Hlutverk samningateymis er að semja við lóðarhafa/landeigendur um minnkun lóða eða tilfærslu lóðarmarka með það að markmiði að Borgarlínan komist leiðar sinnar óháð annari umferð. Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á uppbyggingu á nýjum uppbyggingarsvæðum sem samþykkt voru í borgarráði í janúar 2019 verði til viðmiðunar. Samningateymið gerir tillögur til borgarráðs um samninga/samkomulög við lóðarhafa/landeigendur.

Helstu verkefni:

- Greina hvar þarf að semja við lóðarhafa og landeigendur vegna legu Borgarlínu í Reykjavík.
- Semja við lóðarhafa og landeigendur þar sem við á vegna legu Borgarlínu og biðstöðva.
- Leggja fyrir borgarráð jafnóðum samningsdrög þegar þau eru tilbúinn.

Samningateymið skipa:

Óli Jón Hertervig, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, formaður.

Ívar Örn Ívarsson, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, umhverfis- og skipulagssvið.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni náið með verkefnastofu borgarlínu og sérfræðingum umhverfis- og skipulagssviðs og leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Þegar lokið er við að semja um legu borgarlínu fyrir áfanga 1 og 2 við lóðarhafa og landeigendur en í síðasta lagi í lok árs 2021.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson